

Stjórnarfundur 294

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
30.01.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 294
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:45	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi í fjarfundi		
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri veitu- og tækni sviðs		

1. Trúnaðarmál

2. Nýtingarleyfi fyrir Ytri Haga - málsmeðferð Orkustofnunar

3. Tafir á staðfestingu Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins á gjaldskrár hitaveitu

4. Ábyrgðargjald vegna lána

5. Túnaðarmál

6. Hitaveita í Ólafsfirði

7. Önnur mál

1. Trúnaðarmál

2. Nýtingarleyfi fyrir Ytri Haga - málsmeðferð Orkustofnunar

Norðurorka er nú að bora rannsóknarholur í landi Ytri Haga á Árskógsströnd til að geta staðsett væntanlega vinnsluholu á svæðinu. Sótt var um nýtingarleyfi til Orkustofnunar í október 2022 en nú, 15 mánuðum síðar, hefur Orkustofnun ekki enn afgreitt erindið. Norðurorka sendi orkumálastjóra tölvupóst í byrjun desember 2023 og óskaði eftir því að hún beitti sér fyrir bættri málsmeðferð þar sem málið hafði dregist úr hömlu hjá stofnuninni. Erindi það var ítrekað 19. desember.

Þar sem engin svör höfðu borist frá Orkustofnun sendi Norðurorka stofnuninni bréf 19. janúar þar sem vísað var í ákvæði stjórnarsýslulaga um málshraða. Í bréfinu er þess óskað að stofnunin veiti upplýsingar um ástæður fyrir þeim tögum sem orðið hafa á afgreiðslu málsins og þess krafist að stofnunin upplýsi um það hvenær ákvörðunar sé að vænta. Jafnframt áskilur Norðurorka sér rétt til að kæra málsmeðferð Orkustofnunar.

Í dag, 30. janúar, hefur Orkustofnun ekki svarað því erindi.

"Stjórn telur óásættlegt að enn hafi ekki borist svar frá Orkustofnun vegna umsóknar Norðurorku um nýtingarleyfi fyrir Ytri Haga sem óskað var eftir fyrir 15 mánuðum og telur málið hafa dregist úr hófi í meðferð Orkustofnunar. Norðurorka hefur svarað öllum þeim spurningum sem stofnunin hefur beint til hennar og veitt öll þau gögn sem óskað hefur verið eftir, án þess þó að niðurstaða fái, né að upplýsingar berist um ástæður tafanna. Stjórn felur forstjóra að leggja fram kvörtun til Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis vegna þessara tafa stjórnvalds á ákvörðun máls, byggða á 9. gr. stjórnarsýslulaga um málshraða. Stjórn leggur þunga áherslu á að málið varði almannahagsmuni til að mæta brýnni þörf á heitu vatni á svæðinu og bregðast við skortstöðu sem fer hratt vaxandi."

3. Tafir á staðfestingu Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á gjaldskrár hitaveitu

Samkvæmt reglum nr. 947/2015, um staðfestingu ráðherra á gjaldskrá hitaveitu skal beiðni um staðfestingu á gjaldskrá hitaveitu send Orkustofnun með viðeigandi gögnum. Orkustofnun skal leitast við að senda beiðnina ásamt gögnum og umsögn sinni til ráðherra innan tveggja vikna frá því að beiðni um staðfestingu barst. Ráðherra skal leitast við að staðfesta gjaldskrá og birta í Stjórnartíðindum innan fimm vikna frá því að beiðni um staðfestingu berst Orkustofnun. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum eða síðar ef við á.

Norðurorka sendi Orkustofnun gjaldskrá og viðeigandi upplýsingar 30. nóvember 2023. Ekki bárust athugasemdir frá Orkustofnun en ráðuneytið hefur nú haft málið á sínu borði frá því í desember og hefur enn ekki staðfest gjaldskrána. Ráðuneytið hefur í tvígang óskað eftir viðbótar upplýsingum og hefur Norðurorka lagt sig fram um að svara hratt og vel.

Því má halda fram að Norðurorka hefði átt að senda nýja gjaldskrá fyrir til þess að bæði Orkustofnun og ráðuneytið hefðu allan þann tíma sem þeim er ætlaður á grundvelli reglna til að afgreiða málið. Engu að síður hefði niðurstaða ráðuneytisins átt að liggja fyrir 4. janúar 2024 í síðasta lagi. Ljóst er að ný gjaldskrá hitaveitu mun ekki taka gildi í janúar, úr því sem komið er, og því mun Norðurorka verða af tekjum, sem breytingunni er ætlað að tryggja, í janúarmánuði.

Sett fram til kynningar

4. Ábyrgðargjald vegna lána

Í samningi Akureyrarbæjar og Norðurorku hf. er svohljóðandi ákvæði "Akureyrarbær er í ábyrgðum fyrir lánum hjá Norðurorku hf., ýmist beint eða í einfaldri ábyrgð. Ábyrgðargjald er talið sanngjarnt 0,36% af lásupphæð. Eðlilegt þykir að horfa til heildalána samstæðu Norðurorku í þessu sambandi en miðað er við langtímaskuldir fyrirtækisins í árslok viðmiðunarársins."

Aðrir hluthafar gera kröfu um að fá greitt ábyrgðargjald til samræmis við ofangreint.

Þar sem miðað er við heildarskuldir samstæðunnar þá er Norðurorka að greiða hlut Fallorku í þessu gjaldi. Talið er rétt og eðlilegt að Norðurorka innheimti það gjald frá Fallorku.

"Stjórn samþykkir að Norðurorka greiði öllum hluthöfum sambærilegt ábyrgðargjald vegna lána sem þeir eru í ábyrgð fyrir. Jafnframt samþykkir stjórn að Norðurorka innheimti frá Fallorku ehf. þann hluta ábyrgðargjaldsins sem tilheyrir Fallorku."

5. Trúnaðarmál

6. Hitaveita í Ólafsfirði

Norðurorku hefur borist erindi frá bæjarráði Fjallabyggðar varðandi hitaveitu í Ólafsfirði sem komin er að þölmörkum. Bæjarráð óskar eftir fundi með stjórn Norðurorku vegna málsins. Sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs fór yfir málið.

"Stjórn felur stjórnarformanni, forstjóra og sviðsstjóra veitu- og tæknisviðs, að halda fund með bæjarráði Fjallabyggðar um málið."

7. Önnur mál

a) **Hreinsistöð fráveitu á Akureyri.** Forstjóri fór yfir reglugerðarákvæði varðandi kröfur um hreinsun á fráveituvatni og mismunandi túlkun ákvæðisins, annars vegar Umhverfisstofnunar og hins vegar Samorku og veitufyrirtækja, þ.m.t. Norðurorku hf.

b) **Metan á Akureyri.** Forstjóri greindi frá endurnýjuðum samningi við Olís um sölu á metani. Norðurorka hf. mun sjá um að anna eftirspurn með flutningi metans frá Reykjavík til viðbótar því sem framleitt er hjá Norðurorku. Flutningur metans frá Reykjavík hefur umtalsverðan kostnað í för með sér sem veldur hækkun til notenda. Verðlagning metans frá Norðurorku til smásala (Olís) miðar að því að tryggja Norðurorku hf. skaðleysi.

c) **Aðal- og árfundur 2024** verða í Hofi þriðjudaginn 23. apríl næstkomandi.

d) **Umboð vegna aðalfunda í tengdum félögum.** Undirrituð umboð til handa forstjóra til að fara með atkvæði Norðurorku hf. á aðalfundum.